

Ed.

186. Frumvarp

til laga um fávítahæli.

Flm.: Guðrún Lárusdóttir.

1. gr.

Ríkisstjórnin sér um, jafnóðum og fé er veitt til þess í fjárlögum, að stofnuð séu:

- a. Skólaheimili fyrir unga vanvita og hálfvita eða börn og unglinga, sem kenna má ofurlitið til munns eða handa.
- b. Hjúkrunarhæli fyrir örvita eða þá fávita, unga og gamla, sem ekkert geta lært og ekkert unnið til gagns.
- c. Vinnuhæli fyrir fullorðna fávita, sem vinnufærir eru að einhverju leyti, en verða þó að teljast ófærir til að vinna alveg fyrir sér eða stunda vinnu á almennum heimilum.

2. gr.

Hagnýta má í þessum efnum einkastofnanir eða stofnanir bæjarfélaga, ef þær hljóta meðmæli landlæknis, eftirlitsnefndar fávítahæla og ráðuneytið samþykkir gjaldskrá þeirra.

3. gr.

Skólaheimili, eitt eða tvö eftir því sem þörf krefur, taki börn og unglinga fram að tvitugsaldri og leitist við að kenna þeim undirstöðuatriði almennustu barnaskólanámsgreina, en leggi þó sérstaklega rækt við að kenna þeim einhverja þá vinnu, sem að gagni má verða.

Þegar nægilega rúmgott eða rúmgóð skólaheimili eru fyrir hendi, sé ákveðið með sérstökum lögum, að allir fávitar á skólaaldri, sem eitthvað má kenna, séu skólaskyldir. Jafnframt sé þá ákveðið, hvaða undirbúningsmenntun kennarar þeirra eiga að hafa.

4. gr.

Hjúkrunarhælið sé í þremur aðgreindum deildum, fyrir karla, konur og börn. Örvitum, eða fávítum á lægsta þroskastigi, sé þar veitt öll sú nærgætni og aðhlyning sem auðið er.

5. gr.

Vinnuhælin séu 2 eða í tveimur deildum, fyrir karla og konur. Þangað skal tekið, þegar þess er óskað og ástæður leyfa, ungt fólk frá skólaheimilum fávita, eða aðrir fávitar á svipuðu þroskastigi, og leitast við að veita þeim vinnu við þeirra hæfi um lengri eða skemmri tíma, eftir því sem nauðsyn ber til.

6. gr.

Heilbrigðisstjórnin setur þriggja manna eftirlitsnefnd með öllum þessum heimilum eða hælum fávita, til 4 ára í einu.

Formaður nefndarinnar sé læknir, sérfróður um mein fávita, ef kostur er, en auk þess séu jafnan kennari og kona í nefndinni. Kostnaður við eftirlitsferðir nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði.

7. gr.

Foreldrar fávita, eða fæðingarhreppur, séu foreldrarnir fátækir, greiða ferðakostnað fávita til skóla eða hælis og fjórða hluta meðgjafar með þeim þar, þó aldrei hærra daggjald en réttir framfærendur greiða samtímis með geðveiku fólki á geðveikrahælum ríkisins.

Ríkissjóður greiðir þrjá fjórðu hluta meðgjafarinnar og launar kennurum að öllu leyti á skólaheimilum, sem ríkið stofnar eða viðurkennir fyrir fávita.

8. gr.

Framfærslustyrkur fávita telst ekki fátækrastryrkur, en fávitar vinna sér ekki sveitfesti, þótt þeir dvelji utan fæðingarsveitar sinnar.

9. gr.

Ráðuneytið setur með sérstakri reglugerð ákvæði um:

- a. Hvernig safna skal nákvæmum skýrslum um tölu fávita og hagi þeirra.
- b. Hvernig aðgreina skal börnin, sem ætluð er vist á skólaheimili eða hjúkrunarhæli.
- c. Hvernig eftirliti skal hagað með aðbúð þeirra fávita, sem dvelja ekki í fyrrnefndum hælum.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Vér Íslendingar erum svo langt á eftir allflestum eða öllum menningarþjóðum að því er aðhlyningu og uppeldi fávita snertir, að ekki má svo búið standa lengur. Fávitararnir eru að minnsta kosti um 200, og um 80 í þeim hóp á barns-

aldri. — Nákvæmar skýrslur um það eru enn ókomnar, þrátt fyrir itrekaðar tilraunir til að safna þeim.

Handa öllum þessum hóp er ekki til nema eitt rúmlega árgamalt litið hæli, sem stendur þó hálfómt, — getur tekið 25, en hefir ekki nema 9 vegna féleysis framfærenda fávítanna.

En þótt ekki sé fært kostnaðar vegna að reisa hæli handa öllum þeim fávítum, sem þangað þyrftu að fara, er mikilsvert að gera sér ljóst, að hverju skuli stefnt og hvernig skuli skipuleggja uppeldi og hjúkrun fávíta.

Reynsla annara þjóða sannar, að það er sjálfsagt að aðgreina fávíta eftir vitsmunafroska, aldri og kyni, og þótt fjöldinn sé þar meiri en hér og skipting-in geti því verið margbreyttari en gert er ráð fyrir í þessu frumvarpi, er þó aðalflokkunin á sama veg, og hana verður að gera þegar í upphafi, ef vel á að fara, hvort sem um einkastofnun eða ríkisstofnun er að ræða. Fyrir því tel ég réttmætt að samþykkja þetta frumvarp nú þegar, enda þótt ríkið hafi því miður ekki fé fyrir hendi að þessu sinni til að reisa fávítahæli.

Um einstakar greinar frumvarpsins skal þetta tekið fram:

Um 1. gr.

Þessi aðgreining: skólaheimili, hjúkrunarhæli og vinnuhæli, þykir sjálf-sögð alstaðar þar, sem nokkurt skipulag er á málefnum fávíta. Sömuleiðs þykir sanngjarn að tengja ekkert fávíta- og því síður fábjárna-nafn við hælín. Foreldrar þeirra hafa nóg að bera, þótt þeir séu ekki særðir með því nafni í hvert sinn, sem minnst er á dvalarstað barna þeirra. — Vera má, að einhver sakni þess, að ekki skuli í sérstakri lagagrein gerð grein fyrir, hvað átt er við með orðunum vanviti, hálfviti og örviti. En væntanlega ber frumvarpið með sér, hvað í þeim orðum felst. Vanvitar koma næstir á eftir tornæmum börnum að vitproska, ná svipaðri dómgreind og 7 til 10 ára gömul börn.

Hálfvitar eru lægri, ná vitproska á borð við 3 til 7 ára börn, en geta þó sumir lært einhverja vinnu. Lægstir eru örvitar, ná ekki vitproska 3 ára barns. En orðið fávítar er samnefni þeirra allra.

Um 2. gr.

Einstaklingar hafa hvarvetna orðið á undan ríkisstjórnnum um stofnun fávítahæla, þótt síðar hafi þau að meira eða minna leyti komizt flest í umsjón ríkisins. Virðist sjálfgefið, að ríkið hagnýti sér slík hæli, styrki þau og hafi eftirlit með þeim, og gæti þess, að þau, hvert um sig, ef fleiri eru, taki að sér sérstakt hlutverk í þessum efnun.

Um 3. gr.

Erlend reynsla sannar, að fjölmörg börn úr fávítahópi, sem ekkert læra heima, geta lært ýmislegt sér til gagns, ef þau komast nógu snemma til kennara, sem kunna að kenna fávítum. Sem dæmi þess má nefna: Kirkjumálaráðuneytið norska lét safna skýrslum um alla unglínga, sem útskrifazt höfðu frá 3 skólaheimilum fávíta í Noregi árin 1911—1920. Svör komu viðvikjandi 604 úr þeim hópi, og voru þau á þessa leið:

187 eða 30,96% unnu alveg fyrir sér.
92 — 15,24% unnu fyrir sér að mestu leyti.
137 — 22,69% unnu fyrir sér að dálitlu leyti.
127 — 21 % unnu ekkert fyrir sér.
21 — 3,48% voru orðnir geðveikir.
40 — 6,63% voru dánir.

Annarsstaðar hefir árangurinn stundum verið betri.

Margoft vilja foreldrar vanvita og hálfvita ekki senda þá frá sér, þótt góður fávítaskóli sé þeim opinn, og lítið er hirt um að senda þá, sem engan eiga að, og læra svo þessi börn ekkert, nema ef til vill einhverja ósiði. Því ber nauðsyn til, að þau verði skólaskyld að lögum sem önnur börn, þegar nógu stór skóli eða skólar eru til handa þeim öllum. Kennarar fávita verða að hafa góða sérmenntun, ef vel á að fara, en á meðan verið er að byrja og að einhverju leyti verður að nota erlenda kennslukrafta, er varhugavert að setja lagaákvæði um það, þótt að því sé stefnt síðar.

Um 4. gr.

Um nauðsyn og tilgang hjúkrunarhælis mun óþarft að ræða.

Um 5. gr.

Við vaxandi samkeppni um flesta vinnu dragast þeir aftur úr, sem minnstan hafa máttinn, en við iðjuleysi komast fávítarnir alveg á annara framfæri, öllum til leiðinda, og verða oft og einatt glæpamenn. Erlendar rannsóknir sýna, að stór hópur þeirra manna, sem árum saman sitja í fangelsum, eru í raun réttir fávítar. Fyrir því eru fávítum ætluð vinnuhæli í öllum menningarlöndum á vorum dögum.

Þótt það sé ekki beinlinis tekið fram í þessu frumvarpi, er að sjálfsögðu ætlazt til þess, að þau hæli, sem ríkisstjórn lætur reisa, séu í sveit, þar sem nóg er landrými til útivistar og útivinnu, og svo nálægt hvert öðru, að sami forstjóri geti séð um fleiri en eitt hæli. Þó gæti komið til mála, að skólaheimilin yrðu tvö, annað nyrðra en hitt syðra, svo hægara yrði um heimsóknir aðstandenda. Mætti svo hafa vinnuhæli fyrir konur í sambandi við annað og vinnuhæli fyrir karlmenn í sambandi við hitt. En þar sem ætla má, að ríkisstjórn gæti allrar hagsýni í þeim efnum, þykir óþarft að setja um það lagaákvæði.

Til skamms tíma þótti sjálfsagt að hafa fávítahæli karla og kvenna sem fjærst hvort öðru, þar eð fávízka vanvita og hálfvita er harla oft arfgeng, og hverju þjóðfélagi tjón að þeirri fjölgun. En nú þykir minni ástæða til þess, þar eð við er farið að gera fávita ófrjóa og hjálpa þeim fávítum með lækniáðgerð, sem þjáast af óeðlilega ákøfum kynhvötum.

Um 6. gr.

Læknisfræði, uppeldisfræði og kærleiksrik nærgætni eiga allar erindi til eftirlits með fávítahælum, og því er farið fram á, að eftirlitsnefnd sé svo skipuð sem þessi grein segir.

Óþarft virðist að ætla nefndarmönnum sérstaka þóknun meðan hælið er

ekki nema eitt, eða þó tvö væru, en opin leið að ákveða hana síðar, er starfið vex. Fyrir því er ekkert á persónulega þóknun minnzt hér.

Um 7. gr.

Danir greiða úr ríkissjóði alla meðgjöf með fávítum á hælum og skólaheimilum sínum, og aðrar þjóðir greiða riflegan hluta hennar, og svipað verður ríkissjóður vor að gera, ef nokkurt verulegt lið á að verða að stofnun fávítahæla hérlendis; enda virðist lítil ástæða til, að ríki, sem tekur svo riflegan þátt í t. d. aðhlyningu geðveikra og berklaveikra og uppeldi daufdumbra, létti ekki verulega undir fjárhagsbaggann, þar sem fávítar og framfærendur þeirra eiga í hlut.

Um 8. gr.

Sú lagagrein er svo sjálfsgöð, að óþarft mun um að ræða.

Um 9. gr.

Heilbrigðisstjórnin er færust um að setja þau ákvæði, sem hér ræðir um. Enda eru nægar fyrirmyndir til hliðsjónar hjá nágrannaþjóðum vorum.

Um 10. gr.

Æskilegt er, að frumvarp þetta verði sem fyrst að gildandi lögum, þar sem þau mundu verða bæði styrkur og leiðbeining því fávítahæli, sem þegar er reist, og gætu orðið öðrum til hvatningar að hefjast handa, ef langt skyldi verða þangað til veitt verður fé í fjárlögum til að reisa fávítahæli.